

## AUGLÝSING

### um skipulag í Fjallabyggð.

*Breyting á deiliskipulag miðbæjar Siglufjarðar.*

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 30. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Siglufjarðar. Breytingin felur m.a. í sér breytta legu bílastæða við Suðurgötu, staðsetningu bílastæða við Aðalgötu er hnikað til og fækkað um 2 stæði, útlit almenningsvæðis við miðbæjartorg er að miklu leyti breytt til baka að núverandi útliti, legu Lækjargötu er hnikað aðeins til svo hún sé fjær brunndælu og þ.a.l. er staðsetningu bílastæða við Lækjargötu að einhverju leyti breytt og fækkað um 2 stæði. Málsmeðferð var í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Fjallabyggð, 26. júní 2024.*

**Íris Stefánsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. júlí 2024